

Sjálandsskóli

Fjöldi nemenda í skólanum: 283

Bekkjardeildir: 1-10. bekkur

Fjöldi starfsmanna við skólann: 56 (með starfsmönnum Sælukots m.a. í tímavinnu)

Fjöldi starfsmanna sem starfa við kennslu: 27

Fjöldi starfsmanna sem hefur réttindi til að starfa sem kennarar: 26

1 kennari er með B.ed. próf og M.Ed. námi. Viðkomandi kom inn vegna skyndilegra forfalla og verið er að sækja um undaþágu sem leiðbeinanda.

Sjálandsskóli sem er einsetinn grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10.bekk og er á sínu 12 starfsári. Húsnæði skólans er ekki hefðbundið heldur er um opinn skóla að ræða þar sem hefðbundnar kennslustofur þekkjast ekki heldur eru heimasvæði þar sem tveir árgangar koma gjarnan saman. Frá haustinu 2006 hefur Alþjóðaskólinn á Íslandi sem er einkaskóli, verið starfrækur í húsnæði skólans. Stefna skólans byggir á hugmyndafræði opins skóla þar sem hver nemandi á að njóta sín til fulls undir handleiðslu samhentra fagmanna. Kennarar starfa í teyllum. Lögð er áhersla á fjölbreyttar skiptingar námshópa, þjálfun nemenda í hópavinnu, ábyrgð á námi og skapandi vinnubrögð. Námsaðstæður og kennsluhættir eru fjölbreyttir. Eitt af sérkennum skólans er útikennsla sem er fastur liður í stundatöflu nemenda í 1.- 7. bekk og samfélagsfræðigreinar eru kenndar í þemu. Lögð er ríkulega áhersla á að nemendur hafi frelsi en beri ábyrgð á eigin leik, viðhorfum og framkomu. Einkunnarorð skólans eru að vilja og virða.